

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1943.

Auglýsing um lækun aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri, undirskrifuð af skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins 20. marz 1943, nr. 57.

Ríkisstjóraúrskurður um breytingu á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifaður af ríkisstjóra 19. apríl 1943, nr. 58.

Ríkisstjórabréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af ríkisstjóra 20. apríl 1943, nr. 59.

Lög um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar, undirskrifuð af ríkisstjóra 29. apríl 1943, nr. 60.

Lög um heimild til að lækka aðflutningsgjald af nokkrum vörutegundum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 61.

Auglýsing um kosningu ríkisstjóra, undirskrifuð af forsætisráðherra 10. maí 1943, nr. 62.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 63.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 32. tbl. Lögbirtingablaðsins 1943, um tundurduflaveiðar herstjórnarinnar við strendur landsins. 7. maí

Brezki sendifulltrúinn hefur tilkynnt ráðuneytinu, að reglulegar tundurduflaveiðar séu nauðsynlegar á hafinu kringum Ísland, og eru skipstjórar allra íslenzkra skipa því hér með, sjálfra sín vegna, aðvaraðir um að koma ekki of nálægt skipum, sem við tundurduflaveiðar fást, bæði vegna öryggis skipa sinna og veiðarfæra. Skip, sem fást við tundurduflaveiðar, hafa eftirfarandi merki:

Að degi til: Svarta kúlu í siglutoppnum og svarta kúlu í ráarendu.

Að nóttu til: Græn ljós, sýnileg á alla vegu, í stað svörtu kúlnanna. Þessi ljós eru aðeins sýnd þegar þarf að aðvara skip vinaþjóðar.

Þegar mögulegt er, ættu skip að halda sig að minnsta kosti 500 metra frá skipum, sem hafa þessi merki, og alls ekki fara yfir leið þeirra fyrir aftan þau í minna en 1000 metra fjarlægð né gera tilraun til að komast í gegnum hóp slíkra skipa.

Það skal og fram tekið, að skip ættu, sjálfra sín vegna, að halda sig í nokkurri fjarlægð frá samflota lestum herskipa og kaupskipa. Á þetta alveg sérstaklega við fiskiskip á svæðinu austur af Garðskaga. Vegna árekstrarhættu er nauðsynlegt að vera vel á verði um það, hvort skipalestir nálgast, og gera í tæka tíð ráðstafanir til þess að verða ekki á vegi þeirra.

Bréf félagsmálaráðuneytisins, til sýslumannsins í Strandasýslu, um skiptingu Hrófbergshrepps í tvö sveitarfélög. 70 19. maí

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Hrófbergshrepps og meðmælum sýslunefndar Strandasýslu, um skiptingu Hrófbergshrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1937, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Hrófbergshreppi í Strandasýslu skal skipt í tvö sveitarfélög er nefnast Hrófbergshreppur og Hólmavíkurreppur. Hreppamörkin skulu vera um Ósá og nær